



VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES
SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901
KENNITALA 680269-6889 – www.vlfa.is

Miðstjórn ASÍ

Sætúni 1
105 Reykjavík

Akranesi, 14. september 2012

Tillaga stjórnar og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness um ályktun er lýtur að afnámi verðtryggingar.

Ályktun

Afnám verðtryggingar

Þing Alþýðusambands Íslands skorar á Alþingi Íslendinga að afnema án tafar verðtryggingu á neytandalánum til einstaklinga og heimila enda er hér um að ræða samfélagslegt mein sem hefur leikið skuldsett heimili skelfilega á liðnum árum og áratugum.

Þing ASÍ lýsir yfir undrun sinni á að heimili landsins þurfi að taka á sig alla ábyrgð vegna verðtryggingarinnar á meðan lánveitendur eru tryggðir í bak og fyrir. Eins og kunnugt er þá hefur verðtryggingu aldrei verið beitt í útlánum lánastofnana til heimila í ríkjum OECD nema hér á landi.

Þing ASÍ skorar einnig á fjármálastofnanir að veita almenningi sambærileg lánakjör til íbúðakaupa og tíðkast í þeim löndum sem við viljum helst bera okkur saman við.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness


Vilhjálmur Birgisson